


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Bókfærsla 203 (BÓK203) Fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Katrín Harðardóttir, katrin@vma.is	Sk.st.	KAH
----------------	------------------------------------	---------------	-----


Áfangalýsing: Gert er ráð fyrir að nemendur, sem hefja nám í þessum áfanga, hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð verulega meðal annars með erfiðari færslum. Farið er yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja, notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning, tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvörugeymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Markmið: Að nemandi:

- Kunni skil á færslum vegna innflutnings á vörum, helstu innflutningsskjölum tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, gengisbreytingum og kostnaði og fyrirkomulagi við geymslu á vörum í tollvörugeymslu.
- Geti reiknað og bókað verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum.
- Geti bókað færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign; arður, gengisbreytingar, jöfnunarhlutabréf og svo framvegis.
- Kunni að meðhöndla mismunandi virðisaukaskatt í bókhaldi.
- Dýpki skilning sinn á færslum í launabókhaldi varðandi skil á; staðgreiðsluskatti, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi.
- Geti unnið með viðskiptamannabókhald, sérstaklega með tilliti til innheimtu og afskrifta á viðskiptakröfum.
- Geti bókað færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja.
- Geti bókað færslur sem varða breytingu á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.


Námsgögn:

Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2009). (Sama bók og í BÓK 103).
Bókfærsla II eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2008).


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		
Bókfærsla 203 (BÓK203)		
Fjarnám		
Kennsluáætlun vorönn 2014		


Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
26.jan.– 1. feb.	Tapaðar kröfur. Að selja vinnu.	24, 25 og 26.
2.feb.- 8.feb.	Birgðir, fasteignareikningur, bifreiðareikningur, fastafjármunir, veltufjármunir, veðskuldir, áhvílandi skuldir.	27, 28 og 29.
9.feb.- 15.feb.	Gjöld vegna fasteigna og bifreiða. Leigutekjur, viðskipti við útlönd, tollur og virðisaukaskattur í tolli.	30, 31 og 32.
16.feb.- 22.feb.	Gengismunur, erlendar skuldir við reikningslokun. Fyrirfram innheimtar og óinnheimtar tekjur við reikningslokun.	33, 34 og 35
23.feb.- 1.mars	Aðrar tekjur. Launabókhald og launatengd gjöld.	36, 37 og 38.
2.mars- 8.mars	Sleppa verkefni 40	39 og 41
9.mars- 15.mars	sleppa verkefni 43	42, 44 og 45.
16.mars- 22.mars	Ný bók: Bókfærsla II Tapaðar kröfur og virðisaukaskatturinn.	1, 2 og 3.
23.mars- 29.mars	Meðalálagnir og mat vörubirgða. Skuldabréf.	4, 5 og 6.
30.mars- 5.apríl	Afföll skuldabréfa.	7, 8 og 9
6.apríl- 12.apríl	Sameignarfélag, hlutafélag.	10, 11 og 13
13.apríl- 19.apríl	Sleppa verkefni 12	14, 15 og 16
20.apríl- 26.apríl	Um verðmæti eigna.	17, 18 og 19
27.apríl- 1.maí	Verðtrygging skuldabréfa	20.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Bókfærsla 203 (BÓK203) Fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta: Verkefni annarinnar vega 20% af lokaeinkunn og lokapróf vegur 80% af lokaeinkunn.

Dagsetning:

 Undirritun kennara

3.8.2011

 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

